

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 9. janúar 2007.

Alþjóðahúsinu ehf. hefur borist til umsagnar frá Allsherjarnefnd Alþingis, frumvarp um breytingu á lögum sem varða útlendinga og réttarstöðu þeirra, þskj. 272, 247. mál. Af því tilefni vill húsið koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

1. Breyting á lögum nr. 96/2002, um útlendinga.

a) Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að við 11. gr. laganna verði bætt tveimur nýjum málsgreinum, á eftir 1. mgr. Ákvæðum þessum er annars vegar ætlað að taka á aðstæðum barna erlendra foreldra sem ekki hafa þegar fengið búsetuleyfi við 18 ára aldur og hins vegar þeirra sem þurfa einhverra hluta vegna á fjárhagsaðstoð ríkis eða sveitarfélags að halda.

Einstaklingar sem náð hafa 18 ára aldri þurfa að sýna trygga framfærslu og getur skilyrðið verið íþyngjandi ungmennum sem stunda nám og geta þar af leiðandi ekki framfært sér sjálf, eða a.m.k. ekki að öllu leyti.

Alþjóðahúsi er kunnugt um að tillit er tekið til aðstæðna námsmanna af erlendum uppruna, þ.e. litið er á yfirlýsingar foreldra eða framfærenda sem fullnægjandi framfærslu. Hins vegar er það mat Alþjóðahúss, að löggin ættu að innihalda skýr ákvæði um að börn innflytjenda sem stunda nám og ná 18 ára aldri áður en þau fá búsetuleyfi, þurfi ekki að sýna sjálfstæða framfærslu heldur nægi yfirlýsingar foreldra eða framfærenda um framfærslu þeirra. Bent skal á að samkvæmt 62. gr. barnalaga er heimilt að úrskurða foreldri til að greiða barni sínu framlag til menntunar eða starfsþjálfunar allt til þess er það nær 20 ára aldri. Því er viðurkennd framfærsluskylda foreldris í þessum tilvikum, þ.e. allt til 20 ára aldurs barnsins.

Nauðsynlegt er að tryggja að ekki verði til minnihlutahópur unglinga sem ekki hefur tök á menntun á sama hátt og jafnaldrar þeirra. Hér er um að ræða einstaklinga sem komu hingað til lands á unglingsaldri og höfðu eflaus ekkert val um það að lenda hér og eiga yfirleitt ekki afturkvæmt.

Að sama skapi er tekið undir tillögu varðandi nýja 3. mgr. 11. gr. laganna, þ.e. að þegar sérstaklega standi á, megi veita útlendingi dvalarleyfi þó hann þiggi fjárhagsaðstoð frá ríki eða sveitarfélagi.

Í framkvæmd er tekið tillit til aðstæðna útlendinga sem notið hafa fjárhagsaðstoðar félagsþjónustu sveitarfélaga eða því um líkt. Alþjóðahús telur samt fara betur á því að sérstaklega verði kveðið á um slíka heimild í lögnum, svo að þeir sem þurfa á tímabundinni aðstoð að halda, t.d. vegna veikinda, skilnaðar o.fl., hiki ekki við að leita hennar.

b) Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að orðin „eldri en 24 ára“ í 2. mgr. 13. gr. falli brott.

Alþjóðahús styður tillögu þessa heils hugar. Þó reynslan sýni að vísu að í flestum tilvikum verði ákvæði þetta ekki til að sundra fjölskyldum, þar sem m.a. er vöð annarra tegunda dvalarleyfa, er það engu að síður álit Alþjóðahúss að fella ætti ákvæðið niður.

Á sínum tíma gerði Alþjóðahús athugasemd við ákvæðið, er frumvarp til breytinga á lögum um útlendinga, með m.a. framangreindu ákvæði lá fyrir. Þar var ákvæðið rökstutt út frá verndarsjónarmiðum sem byggi á reynslu nágrannaríkjanna þar sem algengt sé meðal sumra hópa nýbúa að foreldrar ráðstafi börnum sínum í hjúskap.

Enn hefur ekkert dæmi um nauðungarhjúskap komið inná borð Alþjóðahúss og er starfsmönnum þess ekki kunnugt um dæmi slíks hér á landi. Ákvæðið hefur hins vegar neikvæð áhrif á persónufrelsi þeirra Íslendinga og útlendinga sem hér dvelja löglega og ganga í hjúskap með erlendum ríkisborgara. Auk þess er hér um mismunun að ræða því samkvæmt hjúskaparlögum getur fólk stofnað til hjúskapar 18 ára og er því íslenskum ríkisborgurum mismunað eftir þjóðerni maka þeirra. Að auki gildir ákvæðið ekki um EES borgara vegna EES samningsins og verður í það minnsta að telja óæskilegt að svo mismunandi reglur gildi um fjölskyldusameiningarleyfi eftir því hver á í hlut, þ.e. útlendingur utan EES, útlendingur innan EES og Íslendingur sem ekki getur fengið fjölskyldusameiningarleyfi fyrir maka sinn yngri en 24 ára á meðan t.d. danskur ríkisborgari getur það.

c) Lagt er til að bætt verði tveimur nýjum málsgreinum við 15. gr. laganna.

Annars vegar er um að ræða ákvæði um veitingu búsetuleyfis til niðja útlendinga þegar hann nær 18 ára aldri, ef hann hefur komið til landsins yngri en 18 ára og dvalist hér á grundvelli 13. gr., hafi foreldri eða framfæranda verið veitt búsetuleyfi.

Alþjóðahús styður ákvæði þetta. Væntanlega er gert ráð fyrir að einstaklingurinn þurfi að uppfylla önnur almenn og sérstök skilyrði fyrir veitingu búsetuleyfis, en hvað varðar dvalartímann. Hér er um réttlætismál að ræða og er um það vísað til umfjöllunar hér að ofan um 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Lagt er til hins vegar að ný 3. mgr. 15. gr. laganna kveði á um heimild til þess að veita maka, sambúðarmaka eða samvistarmaka sem dvalið hefur í landinu á grundvelli 13. gr., búsetuleyfi komi til skilnaðar að borði og sæng, lögskilnaðar, sambúðarslita eða slita samvistar, hafi hjúskapur, staðfest samvist eða sambúð varað í a.m.k. 2 ár. Einnig er lagt til að heimilt verði að víkja frá tveggja ára skilyrðinu ef rekja megi orsök skilnaðar, eða sambúðar-samvistar-slita til ofbeldis hins makans.

Alþjóðahús fagnar þessu ákvæði mjög. Stór hluti þeirra sem til Alþjóðahúss leita eftir ráðgjöf og aðstoð, eru konur sem orðið hafa fyrir ofbeldi af hálfu maka sinna. Oft er um gróft ofbeldi að ræða, sem engu að síður er erfitt að sýna fram á, því í mörgum tilvikum hefur lögregla aldrei verið kölluð á vettvang og jafnvel ekki verið leitað læknis þó ástæða hafi verið til. Þó Alþjóðahúsi viti ekki til þess að konum, sem beittar hafa verið ofbeldi og yfirgefa eiginmenn sína eða sambýlismenn áður en þær eru komnar með ótímabundið dvalarleyfi, hafi verið vísað úr landi, þá styrkir lögfesting ákvæðis sem þessa mjög stöðu kvenna, og auðvitað einnig karla, í slíkum aðstæðum. Margar konur sem leitað hafa til Alþjóðahúss hafa kosið að dvelja áfram í ofbeldisfullu sambandi af ótta við að vera vísað úr landi ella.

2. Breyting á lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga.

a) Lagt er til að gerð verði breyting á skilgreiningum á atvinnuleyfi og tímabundnu atvinnuleyfi í 1. og 2. tl. 3. gr. laganna. Enn fremur er lögð til breyting á 7. gr. laganna á þá leið að tímabundið atvinnuleyfi verði bundið við tiltekna starfsgrein en veitt útlendingi en ekki vinnuveitanda. Þá er lagt til að nýrri málsgrein verði bætt við á eftir 1. mgr. þess efnis að útlendingur geti ráðið sig til nýs atvinnurekanda innan þriggja mánaða frá starfslokum að

uppfylltum skilyrðum 1. mgr. en óháð tiltekinni starfsgrein ef sérstaklega standi á.

Alþjóðahúss styður tillögur þessar, enda hefur, af þess hálfu, ítrekað verið gerð alvarleg athugasemd við að atvinnuleyfi skuli vera veitt ákveðnum atvinnurekanda en ekki launþeganum sjálfum. Skapar það vinnuveitanda ákveðið vald yfir launþega sem er honum háður og er þetta fyrirkomulag því óeðlilegt í sambandi vinnuveitanda og launþega og skapar hættu á misnotkun af hálfu vinnuveitanda.

Alþjóðahúsi þykir sú leið réttari og réttlátari að atvinnuleyfið sé veitt launþeganum sjálfum en sér í raun ekki ástæðu til athugasemda við að leyfið sé bundið við ákveðna starfsgrein, enda er gert ráð fyrir undantekningum frá því skilyrði ef sérstaklega á við.

b) Til samræmis við tillagða viðbót við 15. gr. laga um útlendinga er lögð til breyting á 2. gr. 11. gr. laganna. Samkvæmt athugasemdum með frumvarpinu er markmiðið með tillögum þessum fyrst og fremst að tryggja stöðu erlendra kvenna sem hafa verið beittar ofbeldi í hjónabandi eða sambúð. Alþjóðahús tekur undir tillögu þessa og vísar til umfjöllunar undir c-lið 1. kafla hér að framan.

Virðingarfyllst,



Margrét Steinarsdóttir
lögfræðingur Alþjóðahúss